

**Nd. 505. Breytingartillögur**

við frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 10. gr.
  - a. Í stað orðanna „gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi“ komi: ákveða erfða-ábúð á jörð sinni (með húsum og mannvirkjum) eftir lögum þessum, ef eftirfarandi.
  - b. Í stað orðanna „hún . . . óðalsréttinn“ í c-lið komi: erfðaábúð er ákveðin á henni, enda öðlist ábúandi erfðaábúðina.
  - c. Í stað orðanna „jörðin sé gerð að ættaróðali“ komi: ákveða megi erfða-ábúð á jörðinni.
2. Við 11. gr.
  - a. Í stað orðanna „gert jörð sína að ættaróðali“ komi: ákveðið erfðaábúð á jörð sinni samkvæmt lögum þessum.
  - b. Í stað „(óðalserfingi)“ komi: (erfingi ábúðarréttarins).
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Eignir ábúanda og konu hans, aðrar en jörðin og fylgifé hennar, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaganna.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Nú á ábúandi og kona hans fleiri en eitt barn, og skal þá því af börnunum, er ábúðina hlaut, skylt að framfæra foreldra sína, ef með þarf. Sama skylda hvílir á fóstur- eða kjörbörnum.
5. Við 14. gr. Í stað „ættaróðali“ komi: jörðinni — og í stað „ættaróðalsins“ komi: jarðarinnar.
6. Við 15. gr. Í stað „óðalsbóndi“ komi: ábúandi -- og í stað „óðalsins“ komi: jarðarinnar.

7. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Nú er erfðaábúð ákveðin á jörð samkvæmt lögum þessum, og skal þá skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefir fylgt og jarðareigandi á. Ennfremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð, ef einhver eru í hans vörzlum.
8. Við 17. gr.
  - a. Í stað orðanna „gera jörð sína að ættaróðali“ komi: ákveða erfðaábúð á jörð sinni samkvæmt lögum þessum.
  - b. 2. málsg. orðist svo:

Nú telur sýslumaður, að fullnægt sé ákvæðum laganna til þess að stofna megi til erfðaábúðar á jörðinni, og skal þá færa nafn hennar inn á sérstaka skrá yfir þær jarðir í eign einstakra manna, sem eru í erfðaábúð samkvæmt lögum þessum. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu þrjú árin.
9. Við 18. gr. Í stað „ættaróðalsins“ komi: jarðarinnar — og í stað „óðalinu“ komi: jörðinni.
10. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ábúanda að skipta jörðinni milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 10. gr.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju býla, svo sem þörf krefur.

Áhvilandi veðskuldir skiptast milli hinna nýju býla í réttu hlutfalli við matsverð þeirra.
11. Við 20. gr. Greinin orðist svo.

Heimilt er ábúanda að taka lán með veði í jörðinni til húsabóta eða annara varanlegra umbóta á henni. Lán, sem þá hvíla á jörðinni, mega þó aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatsverði landsins, en þó ekki yfir 50% af heildarmati jarðarinnar. Fylgifié má ekki veðsetja.
12. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Eigi má gera aðför að jörð, sem er í erfðaábúð, né selja hana til lúkn-ingar skuldum, öðrum en áhvilandi veðskuld, sbr. 10. gr. e-lið og 20. gr., eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri, og þó því aðeins, að ábúandi eigi ekki aðrar eignir, sem aðför verði gerð í. Sama gildir um fylgifié jarðarinnar.
13. Við 22. gr. Í stað „ættaróðali“ komi: erfðaábúðarjörð, — í stað „óðalið“ komi: ábúðina, — og í stað „óðalservingjum“ komi: erfingjum.
14. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

Nú treystist enginn, sem rétt hefir til ábúðar, til að taka við henni, og skal jörðin þá falla til rikissjóðs til fullrar eignar, og fer þá um ábúð á henni samkvæmt I. kafla laga þessara. En fylgifié erfist þá samkvæmt erfðalögum.
15. Fyrirsögn II. kafla verði:

Um jarðir í eign einstakra manna.

16. Við 24. gr.

a. 1. málsgr. orðist svo:

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, er um ræðir í lögum þessum, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, erfist sem hér segir.

b. Niður falli úr greininni:

1. Úr 2. tölul.: „eða óðals“.

2. Úr 3. tölul.: „eða óðals“.

3. Úr 6. tölul.: „eða óðalsréttar“.

4. Úr 7. tölul.: „eða óðals“.

5. Úr 9. tölul.: eða óðals“.

c. 8. tölul. orðist svo:

Nú deyr erfingi ábúðarréttar, samkv. II. kafla laga þessara, ókvæntur og barnlaus og hefir ekki tekið kjörbarn, og öðlast þá systkin hans ábúðarréttinn í rétttri aldursröð. Nú eru systkinin dáin, og fellur þá rétturinn til barna þeirra eftir sömu reglum.

17. Fyrirsögn III. kafla verði:

Erfðaréttur.

18. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Réttur ábúanda til jarðar og fylgifyjár, samkvæmt II. kafla laga þessara, gengur til næsta ábúðarerfingja hans:

a. Eyði hann fylgifyé jarðarinnar.

b. Greiði hann ekki sammingsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á jörðinni hvíla, svo það leiði til sölu.

c. Telji hann sér heimili annarsstaðar en á ábúðarjörð sinni eða hætti að reka þar búskap.

d. Ef hann að dómi Búnaðarfélags Íslands situr jörðina svo illa, að það myndi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

19. Við 27. gr. Í stað orðanna „ef þær . . . fer fram“ í fyrri málsgr. komi: ef jafnframt er ákveðin á þeim erfðaábúð samkvæmt II. kafla laga þessara, þegar sala fer fram.

20. Fyrirsögn IV. kafla verði:

Hvernig menn missa ábúðarrétt.

21. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um erfðaábúð.